

Nr. 1117

28. nóvember 2008

GJALDSKRÁ vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

1. gr.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir hross með A-vottun á ætterni: kr. 4.700.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir önnur hross: kr. 5.400.

Gjald vegna flýtimeðferðar (þ.e. ef gögn hafa eigi borist innan tilskilins frests samkvæmt
2. gr.: kr. 9.500.

Sama gjald skal greiða fyrir endurútgáfu vegabréfa og greitt var við frumútgáfu þeirra.

2. gr.

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfa skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands
eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2002, um
útflutning hrossa, öðlast gildi 1. janúar 2009. Frá sama tíma er felld úr gildi gjaldskrá vegna
útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross nr. 128/2005.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. nóvember 2008.

F. h. r.

Kristinn Hugason.

Sigriður Norðmann.

B-deild – Útgáfud.: 12. desember 2008